

Tryggingarskilmálar fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu

Slysatrygging hjá okkur með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu veitir þér tvöfalda tryggingu með einum heildarsamningi:

Í viðbót við tryggingarvernd við slys (slysatryggingu) ávinnur þú þér með iðgjöldum þínum endurgreiðslukröfu við lifun eða við fráfall (iðgjaldsendurgreiðsla). Iðgjaldsendurgreiðslan greiðist við lifun sem árlegar lífeyrisgreiðslur eða við fráfall sem eingreiðsla. Í stað árlegra lífeyrisgreiðslna getur þú líka krafist eingreiðslu (höfuðstólsvalréttur). Endurgreiðslukröfuna ábyrgjumst við óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.

Samningstíminn nær yfir tvö skeið þar sem boðið er upp á mismunandi greiðslur:

- Sparnaðarskeið er tíminn frá upphafi samningstímans til umsaminnar lífeyrisgreiðslubyrjunar.
- Endurgreiðsluskeið er tíminn frá fyrstu lífeyrisgreiðslu.

Þú sem tryggingartaki ert viðsejandi okkar. Við sem tryggjendur látum í té umsamdar greiðslur.

Eftirfarandi skilmálar eru bein þýðing frumtextans sem er á þýsku. Uppfærsluna 7204-10 vann Jóhann Guðnason löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur í júní 2008. Hún byggir upphaflega á eldri þýðingu Veturliða Guðnasonar lögg. skjalapýðanda í þýsku.

Almennir skilmálar fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu fyrir börn (Allianz AB UBR-K 2008 Ki)

U7204/10

Efnisyfirlit

Tryggingarumfang í slysatryggingu.

- § 1 Hvað er tryggt í slysatryggingu?
- § 2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?
- § 3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar í slysatryggingu?
- § 4 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð í slysatryggingu?

Bótamál í slysatryggingu.

- § 5 Hvers ber að gæta eftir slys og á endurgreiðsluskeiðinu (skyldur)?
- § 6 Hvaða réttarleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?
- § 7 Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjald-daga? Á hvaða forsendum og að hvaða hæð endurgreiðum við kostnað við röksemdafærslu fyrir bótaskyldu okkar?

Tryggingarumfang í iðgjaldsendurgreiðslu.

- § 8 Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?
- § 9 Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?
- § 10 Hvenær og hvernig verður tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt í iðgjaldsfria tryggingu?
- § 11 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupsvirðis úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?
- § 12 Hvernig er tekið tillit til samningsgerðarkostnaðar við samning þinn?

Útborganir úr iðgjaldsendurgreiðslu.

- § 13 Hver fær útborgunina úr iðgjaldsendurgreiðslunni?
- § 14 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni?

Samningstíminn.

- § 15 Til hve langs tíma er samningurinn gerður?
- § 16 Hvenær hefst tryggingarverndin?
- § 17 Hvenær lýkur tryggingarsamningnum?
- § 18 Hvenær lýkur slysatryggingunni?
- § 19 Hvenær er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir að til tryggingamáls kom?
- § 20 Hvað gerist ef slysatryggingunni er lokið fyrir lok samningstímans?
- § 21 Hvað gerist í hernaði?

Tryggingariðgjaldið.

- § 22 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?
- § 23 Hvað gildir, ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?
- § 24 Hvað gildir, ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?
- § 25 Hvaða greiðslu skuldar þú okkur við lok eða ógildingu samningsins?

Önnur ákvæði.

- § 26 Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?
- § 27 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð, í skilningi laganna?
- § 28 Hvenær fýrnast samningsbundnar kröfur samkvæmt lögum? Hvaða dómstóll hefur lögsögu?
- § 30 Hvað gildir um tilkynningar þínar og yfirlýsingar, sem snerta tryggingarsambandið?
- § 31 Hvað gildir lögum samkvæmt ef þú tilkynnir okkur ekki um breytingar á pósthfangi þínu eða nafni?
- § 32 Hvaða lög gilda?
- § 33 Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn við atvinnuleysi eða óvinnufærni?
- § 34 Hvaða greiðslum átt þú kost á við eigin-fjármögnun?
- § 35 Á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?

Tryggingarumfang í slysaftryggingu

§ 1 Hvað er tryggt í slysaftryggingu?

- (1) Við bjóðum tryggingarvernd við slys sem hinn tryggði verður fyrir meðan slysaftryggingin er í gildi.
- (2) Tryggingarverndin nær til slysa hvar sem er í heiminum.
- (3) Það telst slys ef hinn tryggði bíður óviljandi heilsutjón vegna skyndilegs atburðar (slystilvik) sem verkar utan frá á líkama hans.
- (4) Það telst einnig slys ef aukin áreynsla á útlími eða hrygg veldur því að liðir snúast eða fara úr liði - vöðvar, sinar, liðbönd eða belgir toga eða rifna.
- (5) Við bendum á útilokanir (§ 4) og reglur um takmörkun bóta (§ 3); þær gilda um allar tegundir bóta.

§ 2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysaftryggingu?

Fyrir sparnaðarskeiðið getur þú samið við okkur um tegundir bóta. Þeim er lýst í eftirfarandi skilmálum eða viðbótarskilmálum.

Bótategundirnar, sem þú hefur samið um við okkur, og tryggingarupphæðirnar koma fram í samningnum.

- (1) Örorkubætur
 - a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu
 - aa) Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka). Skerðing telst varanleg ef hún ætlar fyrirstjáanlega að vara lengur en þrjú ár og ekki líkur á að ástandið breytist.
- Örorkan er:
- komin fram innan eins árs eftir slysið og
 - hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.
- bb) Ekkert tilkall er til örorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
 - b) Tegund og hæð tryggingargreiðslu
Við greiðum örorkubæturnar sem höfuðstólsupphæð. Útreikningur bóta byggist á tryggingarupphæð og örorkustigi vegna slyssins.
 - aa) Við missi eða óstarfhæfni eftirtalinna líkamshluta og skynfæra gilda einungis eftirfarandi örorkustig:

Handleggur	70%
Handleggur fyrir ofan olnboga	65%
Handleggur fyrir neðan olnboga	60%
Hönd	55%
Þumalfingur	20%

Vísifingur	10%
Annar fingur	5%
Fótleggur ofan við mitt læri	70%
Fótleggur að miðju læri	60%
Fótleggur fyrir neðan hné	50%
Fótleggur að miðjum kálfa	45%
Fótur (við ökkla)	40%
Stóratá	5%
Önnur tá	2%
Auga	50%
Heyrn á öðru eyra	30%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

Við missi að hluta eða skerta starfshæfni að hluta gildir samsvarandi prósentustig.

- bb) Fyrir aðra líkamshluta og skynfæri er örorkustig mælt eftir því að hve miklu leyti eðlileg líkamleg eða andleg hæfni er skert í heild. Við það ber eingöngu að taka tillit til læknisfræðilegra sjónarmiða.
- cc) Ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri eða starfshæfni þeirra var þegar varanlega skert fyrir slysið lækkar örorkustigið um fyrri örorku. Hana ber að mæla samkvæmt (§ 2 (1) b) aa) og bb).
- dd) Hafi fleiri en einn líkamshluti eða skynfæri skaddast við slysið eru örorkustigin sem reiknuð eru samkvæmt undanfarandi ákvæðum lögð saman. Ekki er þó tekið tillit til meira en 100%.
- ee) Leiði slys samkvæmt þessum ákvæðum og samkvæmt § 3 til örorku. Viðbótargreiðslan takmarkast fyrir hvern hinn tryggða við 1.000.000 EUR hið mesta. Ef í gildi eru aðrar tryggingar fyrir hinn tryggða með fimmföldum eða fjórföldum örorkubótum hjá Allianz Versicherungs-AG, þá gildir hámarksupphæðin fyrir allar tryggingar samanlagt.
- ff) Falli hinn tryggði frá:
 - af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysiðeða
 - af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið

og hafi krafa um örorkubætur orðið til greiðum við samkvæmt því örorkustigi sem hefði mátt búast við á grundvelli læknaskýrslna.

- (2) Betri biðtímabætur.
 - a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu.
 - aa) Eðlileg líkamleg eða andleg hæfni hins tryggða er skert á atvinnusviði eða utan þess vegna slyssins án áhrifa sjúkdóma eða kvilla.
 - eftir þrjú mánuði talið frá slysdegi um 100% (fyrsta stig)

eða

- eftir sex mánuði talið frá slysdegi um minnst 50% (annað stig).

Þessi skerðing hefur staðið yfir óslitið innan tilgreindra tímamarka.

- bb) Þú hefur krafist biðtímabótanna af okkur og lagt fram læknavottorð á fyrsta stigi í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir að slysið varð og á öðru stigi í síðasta lagi sjö mánuðum eftir að slysið varð.
- b) Tegund og hæð tryggingargreiðslu. Biðtímabætur fyrsta stigs eru greiddar jafnháar og nemur helmingi tryggingarupphæðarinnar, biðtímabætur annars stigs eru greiddar jafnháar og nemur fullri umsáminni tryggingarupphæð. Greiðslu fyrir fyrsta stig teljum við með.
- (3) Sjúkrahúsdagpeningar.
- a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu: Vegna slyssins dvelur hinn tryggði í lækni-fræðilega nauðsynlegri lækningameðferð á sjúkrahúsi. Heilsubótardvöl (kúrar) svo og dvöl á heilsuhælum og hressingarheimilum teljast ekki lækni-fræðilega nauðsynlegar lækningameðferðir.
- b) Hæð og tímalengd greiðslu. Sjúkrahúsdagpeningar eru greiddir jafnháir og umsámin tryggingarupphæð fyrir hvern almanaksdag sjúkrahúsmæðferðarinnar, lengst þó í þrjú ár, talið frá slysdegi.
- (4) Dánarbætur.
- a) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu. Hinn tryggði hefur fallið frá af völdum slyssins innan eins árs. Við bendum á sérstakar skyldur samkvæmt § 5 (5).
- b) Hæð tryggingargreiðslu. Dánarbætur eru greiddar jafnháar og umsámin tryggingarupphæð.

§ 3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar í slysatryggingu?

Sem slysatryggjendur greiðum við bætur fyrir afleiðingar slyss. Ef sjúkdómar eða kvillar hafa haft áhrif á heilsu-brestinn vegna slyssins eða afleiðingar hans

- lækkar prósentustig örorkustigsins ef um örorku er að ræða
- lækka bæturnar í samræmi við hluta sjúkdómsins eða kvillans ef um dánarbætur er að ræða og í öllum öðrum tilfellum ef ekki er samið um annað.

Nemi áhrifaþátturinn minna en 25% kemur þó ekki til lækkunar.

§ 4 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð í slysatryggingu?

- (1) Fyrir eftirtalin slys gildir engin tryggingarvernd:

- a) Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna geð- eða vitundartruflana, einnig ef þær verða vegna ölvunar, svo og vegna slags (heilablóðfalls, hjartaslags), flogaveikikasta eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða. Tryggingarverndin gildir þó ef þessar truflanir eða köst urðu af völdum slystilviks sem fellur undir þennan samning.
- b) Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug eða reynir það.
- c) Slys sem verða beint eða óbeint af völdum stríðs- eða borgarastríðsatvika. Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði verður óvænt fyrir barðinu á stríðs- eða borgarastríðs-atvikum á ferðalagi erlendis. Þessi tryggingarvernd fellur niður við lok sjöunda dags frá byrjun stríðs eða borgarastríðs á landsvæði ríkisins þar sem hinn tryggði dvelur. Framlengingin gildir ekki um ferðir til eða um ríki þar sem þegar geisar stríð eða borgarastríð. Hún gildir heldur ekki fyrir virka þátttöku í stríði eða borgarastríði og ekki fyrir slys af völdum kjarna-, sýkla- eða efnavopna né í tengslum við stríð eða ófriðarástand milli Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands.
- d) Slys sem hinn tryggði verður fyrir.
- sem stjórnandi loftfars (einnig flug-íþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars;
 - við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars;
 - við notkun geimfara.
- e) Slys sem hinn tryggði verður fyrir við það að hann, sem ökumaður eða aðstoðarökumaður eða farþegi í vélknúnu farartæki, tekur þátt í aksturs- viðburði að meðtöldum tilheyrandi æfingaakstri þar sem máli skiptir að ná hámarkshraða.
- f) Slys sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarn--orku.
- (2) Þar að auki eru eftirfarandi tjon útilokuð:
- a) Skaði á hryggþófum, svo og innvortis blæðingar og heilablæðingar. Tryggingarverndin gildir þó ef aðal-orsökin er slystilvik sem fellur undir þennan samning samkvæmt § 1 (3).
- b) Heilsutjon vegna geislunar.
- c) Heilsutjon vegna lækningaráðstafana, svo og vegna aðgerða á líkama hins tryggða, óháð tilgangi þeirra. Tryggingarverndin gildir þó ef lækningaráðstafanirnar eða aðgerðirnar eru gerðar vegna slyss sem fellur undir þennan samning.
- d) Sýkingar.
- aa) Þær eru einnig þá útilokaðar ef þær stafa af
- skordýrastungum eða -biti eða

- öðrum minni háttar húð- eða slímhúðarsárum

sem sýklar fóru um inn í líkamann þegar í stað eða seinna.

- bb) Tryggingarverndin gildir þó fyrir:
- hundæði og stífkrampa og einnig fyrir
 - sýkingar þar sem syklarinn bærust inn í líkamann um sár eftir slys sem ekki eru útilokuð samkvæmt § 4 (2).
- cc) Um sýkingar sem stafa af lækningaráðstöfunum eða aðgerðum gildir § 4 (2) c), önnur málsgrein, eftir því sem við á.
- e) Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna gegnum kokið. Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði er ekki orðinn fullra tíu ára þegar slysið á sér stað. Útilokaðar eru eitranir af völdum matvæla.
- f) Sjúklegar truflanir vegna sálrænna viðbragða, einnig þótt þau séu af völdum slyss.
- g) Maga- eða kviðslit. Tryggingarverndin gildir þó ef þau verða við harkaleg utanaðkomandi áhrif sem falla undir þennan samning.

Bótamál í slysatryggingu

§ 5 Hvers ber að gæta eftir slys og á lífeyris-greiðslutímabilinu (skyldur)?

Án þátttöku þinnar og hins tryggða getum við ekki greitt bætur.

- (1) Eftir slys, sem vænta má að valdi bótaskyldu, verður hinn tryggði tafarlaust að kalla til lækni, fylgja fyrirmælum hans og láta okkur vita.
- (2) Slystillýninguna, sem við sendum, verður þú og hinn tryggði að fylla út sannleikanum samkvæmt og senda okkur til baka tafarlaust; frekari upplýsingar varðandi málið, sem við biðjum um, verður að veita á sama hátt.
- (3) Ef við kveðjum til lækna verður hinn tryggði einnig að láta þá skoða sig. Við berum nauðsynlegan kostnað, að meðtöldu tekjutapi sem af því hlýst.
- (4) Gefa ber læknum sem hafa annast eða skoðað hinn tryggða – einnig af öðrum ástæðum – öðrum tryggjendum, váttryggjendum og yfirvöldum umboð til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
- (5) Leiði slysið til dauða ber að tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda, einnig þótt okkur hafi þegar verið tilkynnt um slysið. Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma krufningu ef þurfa þykir.

- (6) Falli hinn tryggði frá á endurgreiðsluskeiðinu skal fráfall hans tilkynnt okkur tafarlaust.

§ 6 Hvaða réttarlegar afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?

Það getur haft áhrif á bótageiðsluskyldu okkar ef þú uppfyllir ekki skyldurnar. Ef þú vanrækir af ráðnum hug skyldu sem uppfylla ber samkvæmt samningi þessum, gildir engin tryggingarvernd.

Ef þú vanrækir af vítaverðu gáleysi skyldu sem uppfylla ber samkvæmt samningi þessum, er okkur heimilt að skerða bæturnar. Skerðingin fer eftir því hve alvarleg vanræksla þín var. Ekki kemur til skerðingar ef þú sannar að ekki hafi verið um vítavert gáleysi að ræða. Jafnvel þó fyrir liggi vanræksla af ráðnum hug eða vítaverðu gáleysi, erum við bótaskyld svo fremi sem þú sannar fyrir okkur að vanrækslan

- hafi hvorki haft áhrif á viðurkenningu bótamálsins
- né á ákvörðun bótaupphæðar.

Þetta gildir ekki ef þú vanræktir skylduna af sviksamlegum hug.

Vanrækir þú upplýsinga- eða útskýringaskyldu, sem þér ber að sinna eftir að til bótamáls kom, getum við því aðeins borið fyrir okkur bótaundanþágu að fullu eða að hluta til, ef við höfum bent þér sérstaklega á þessi réttaráhrif skriflega.

§ 7 Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjalddaga? Á hvaða forsendum og að hvaða upphæð endurgreiðum við kostnað við röksemdafærslu fyrir bótaskyldu okkar?

- (1) Okkur er skylt að lýsa yfir því skriflega innan eins mánaðar – við kröfu um örorkubætur innan þriggja mánaða – hvort og að hve miklu leyti við viðurkennum kröfu. Frestirnir byrja þegar okkur berast eftirfarandi gögn:
 - sönnun um atvik slyssins og afleiðingar þess,
 - við örorkubótakröfur auk þess sönnun um lok lækningameðferðar að svo miklu leyti sem þess þarf til að mæla örorku.
- (2) Við yfirtökum læknskostnað, sem þú þarft að greiða til að rökstyðja bóta-kröfuna,
 - við örorku upp að 1 prómilli tryggingarupphæðarinnar,
 - við biðtímabætur upp að 1 prósentu tryggingarupphæðarinnar,
 - við sjúkrahúsdagpeninga upp að einu daggjaldi.

Annar kostnað tökum við ekki á okkur.

- (3) Ef við viðurkennum kröfuna eða höfum orðið ásátt við þig um ástæðu og upphæð greiðum við innan tveggja vikna.
- (4) Hafi aðeins ástæða bótaskyldunnar verið ákveðin greiðum við, ef þú óskar þess, hæfilega fyrirfram-greiðslu inn á örorkubótageiðsluna.

Fyrir lok lækningameðferðar er aðeins hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs eftir slysið sem nema allt að hæð umsaminna dánarbóta.

- (5) Þú og við höfum rétt til þess að láta mæla örorkuna læknisfræðilega á ný árlega, í síðasta lagi allt að þremur árum eftir slysið. Til loka 14. æviárs lengist þessi frestur úr þremur árum í fimm.

Pennan rétt :

- verðum við að nýta ásamt yfirlýsingu okkar um greiðsluskyldu okkar samkvæmt § 7 (1)
- verður þú að nýta í síðasta lagi innan þriggja mánaða fyrir lok frestsins.

Leiði endanleg mæling af sér hærri örorkubætur en við höfum þegar greitt ber að greiða 5% vexti á ári af mismuninum.

Tryggingarumfang í iðgjaldsendurgreiðslu

§ 8 Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?

- (1) Iðgjaldsgreiðsla og tryggð iðgjaldsendurgreiðsla.
- a) Iðgjaldsgreiðsla.
Lengd iðgjaldsgreiðslutímans er ákveðin með samningi. Hægt er að ákveða að á þessum tíma verði iðgjöldin greidd jafnóðum eða í einu lagi fyrir meira en eitt tryggingarár (eingreiðsla).
- b) Greiðsla með eingreiðslu.
Úr eingreiðslunni er mynduð tafarlaus inneign.
- aa) Tafarlaus inneign.
Af tafarlausu inneigninni er árlega tekin hluta-upphæð til að hækka endurgreiðslukröfuna. Ónotuð tafarlaus inneign er ávöxtuð árlega með tryggðri vaxtaþrósentu. Vextirnir sem bætast við hækka ónotaða tafarlausu inneign.
- bb) Þróun endurgreiðslukröfunnar.
Þróun endurgreiðslukröfunnar samsvarar þróuninni sem verður við iðgjaldsgreiðslu jafnóðum.
- cc) Greidd iðgjöld.
Sem greidd iðgjöld í skilningi § 8 (1) c) gilda iðgjöld sem koma til við iðgjaldsgreiðslu jafnóðum.
- c) Tryggð iðgjaldsendurgreiðsla.
Á sparnaðarskeiðinu ávinnur þú þér úr hverju greiddu iðgjaldi endurgreiðslukröfu í bótamáli (sbr. § 8 (2)). Tryggingarskattur og hlutagreiðslu-álag tilheyra ekki endurgreiðslukröfunni. Endurgreiðslukrafan sem fæst er heildarupphæð áunninna krafna úr öllum greiddum iðgjöldum. Við tryggjum endurgreiðslukröfuna óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.
- (2) Tryggðir viðburðir.
Við tiltekna viðburði, sem snerta hinn iðgjalds-endurgreiðslutryggða, innum við af hendi

greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni. Sem tryggðir viðburðir gilda lífun og fráfall.

- (3) Greiðslur við lífun.
- a) Forsenda.
Hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði lifir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun og öll iðgjöld hafa þangað til verið greidd eins og umsamið var.
- b) Greiðslur.
- aa) Lífeyrisgreiðslur.
Frá umsaminni byrjun endurgreiðsluskeiðsins greiðum við árlega fyrirfram umsamdar lífeyrisgreiðslur.
- bb) Hæð lífeyrisgreiðslna.
Umsamdar lífeyrisgreiðslur greiðast hverju sinni jafn háar endurgreiðslukröfu iðgjaldskröfunnar á ári.
- cc) Einstök höfuðstólsgreiðsla í stað lífeyrisgreiðslu.
Í stað lífeyris getur þú einnig krafist þess að við greiðum þér hann út sem eingreiðslu (höfuðstólsvalréttur) í upphafi endurgreiðsluskeiðsins. Höfuðstólsvalréttinn verður þú að nýta með skriflegri tilkynningu til okkar í síðasta lagi þremur mánuðum en þó ekki fyrr en einu ári fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun. Höfuðstólsgreiðslan samsvarar áunninni endurgreiðslukröfunni.
- (4) Dánarbætur.
- a) Forsenda.
Hinn tryggði í iðgjaldsendurgreiðslunni er fallinn frá.
- b) Greiðsla.
Við fráfall greiðum við á sparnaðarskeiðinu endurgreiðslukröfu sem þá hefur áunnist samkvæmt § 8 (1) c). Á endurgreiðsluskeiðinu greiðum við sem dánarbætur í einni upphæð þær umsömdu lífeyrisgreiðslur sem eftir eru. Hafi eingreiðsla verið borguð og hafi tafarlaus inn-eignin ekki verið nýtt að fullu til myndunar endurgreiðslukröfu, greiðum við auk þess það sem eftir er af tafarlausu inneigninni.
- (5) Umsaminn lífeyri og endurgreiðslukröfu fyrir hvert iðgjaldsgreiðsluár tilgreinum við í umsókninni og tryggingarskírteininu. Nánari upplýsingar um hæð endurgreiðslukröfunnar, umsamdar lífeyrisgreiðslur, og – hafi eingreiðsla verið innt af hendi – um þróun tafarlausu inneignarinnar getur þú fengið í yfirlitinu “Viðbótar tryggingaupplýsingar varðandi slysatryggingu með tryggðri iðgjalds-endurgreiðslu” sem þér var fært við samningsgerðina.

§ 9 Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?

- (1) Uppruni hagnaðarhlutdeildar.
Tryggingatakar öðlast hlutdeild í hagnaði af fjármagnstekjunum og matssjóðunum.

- a) Fjármagnstekjur.
Við útreikning iðgjalda og lífeyris við lifun og andlát byggjum við á tryggðri ávöxtun sem er varlega áætluð með tilliti til greiðslugetu vegna bótaskafna. Raunverulegar fjármagnstekjur eru yfirleitt hærri en þessir tryggðu reiknivextir. Tryggingartakar öðlast hlutdeild í hagnaðinum sem þannig myndast. Tryggð ávöxtun er tilgreind í "Viðbótar tryggingaupplýsingar varðandi slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu". Með þessum vöxtum eru sömu leiðis reiknuð framlög iðgjalda í varasjóði, sem við myndum til að geta uppfyllt þær skuldbindingar um tryggða iðgjaldsendurgreiðslu sem við höfum gert við tryggingartaka (samanber § 9 (4)).
- b) Matssjóðir.
Matssjóðir myndast þegar þávirði fjárfestinga baktryggingasjóðsins (Sicherungsvermögen UBR) (samanber § 9 (4) a)) er hærri en sú upphæð sem þessar fjárfestingar eru bókfærðar á í efnahagsreikningnum. Í grundvallaratriðum sjá slíkir matssjóðir til þess að hægt sé að jafna út skammtímasveiflur á fjármálamörkuðum. Hluta matssjóðanna er ráðstafað beint á samningana og hann færður á þá til helminga við umsamda byrjun lífeyrisgreiðslna eða áður við samningslok. Þar að auki eru þeir matssjóðir, sem tengjast tafarlausri inneign, færðir henni að helmingi þegar eftirstöðvar tafarlausrar inneignar eru greiddar út. Reglur um endurskoðunarrétt í tengslum við fjármagns-samsetningu haldast óbreyttar.
- (2) Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar.
- a) Hagnaðarsamband.
Allar tryggingar sem samið er um samkvæmt þessum skilmálum tilheyra hagnaðarsambandinu UPR 1994.
- b) Hagnaðarhlutdeild á sparnaðarskeiðinu.
Á sparnaðarskeiðinu er hagnaðarhlutdeildin veitt gegnum bónuskröfur, réttindi til væntanlegs lokahagnaðar og hlutdeild í matssjóðunum.
- aa) Bónuskröfur.
Bónuskröfurnar eru áunnar úr endurgreiðslukröfu og tafarlausri inneign. Þeim er úthlutað árlega og eru þá tryggðar í þeirri hæð. Þær eru aukalegar höfuðstólsgreiðslur sem falla í gjalddaga með endurgreiðslukröfu þegar höfuðstólsvalréttur er nýttur eða við fráfall. Úr bónuskröfunum úr endurgreiðslukröfunni er greitt endurkaupvirði, eftir sömu meginreglum og úr endurgreiðslukröfunni (§ 11). Bónuskröfur úr tafarlausri inneign gjaldfalla fyrir tímann í einni upphæð, ef slysatryggingunni lýkur fyrir umsamin lokatímamörk (samanber § 15 (2)) eða ef bætur úr iðgjaldsendurgreiðslunni falla í gjalddaga.
- bb) Lokahagnaðarréttindi.
Réttindi til lokahagnaðar myndast gegnum fjármagnstekjur og matssjóði. Réttindi til lokahagnaðar eru á myndunartímanum ekki tryggð hvað upphæðina snertir. Þau gjaldfalla aðeins við fráfall, og aðeins, ef tryggingunni hafði á þeim tíma ekki verið sagt upp. Réttindi til lokahagnaðarhlutdeildar vegna tafarlausrar inneignar gjaldfalla sömu leiðis ef slysatryggingunni lýkur fyrir umsamin tíma (samanber § 15 (2)) eða þegar eru greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni.
- c) Hagnaðarhlutdeild endurgreiðsluskeiðsins.
Á endurgreiðsluskeiðinu er hagnaðarhlutdeild veitt gegnum aukalegar lífeyrisgreiðslur. Þessar aukalegu lífeyrisgreiðslur samanstanda af áunnum og hækkanði hluta.
- aa) Breyting hagnaðarhlutdeildar úr endurgreiðslukröfu við upphaf endurgreiðsluskeiðsins.
Lokahagnaðarréttindunum sem ávinnast á sparnaðarskeiðinu og hlutdeildinni í matssjóðunum úr endurgreiðslukröfunni verður við upphaf endurgreiðsluskeiðsins breytt í bónuskröfur.
- bb) Áunninn hluti aukalegra lífeyrisgreiðslna.
Áunninn hlutinn verður greiddur úr bónuskröfunum sem ávinnast úr endurgreiðslukröfunni samkvæmt § 9 (2) b) aa) á sparnaðarskeiðinu. Hæð hans er tryggð frá upphafi endurgreiðsluskeiðsins.
- cc) Hagnaðarhlutdeild úr tafarlausri inneign.
Bónuskröfurnar, lokahagnaðarréttindin og hlutdeildin í matssjóðunum eru greidd út um leið og fyrsta lífeyrisgreiðslan.
- dd) Viðbótar hluti aukalegra lífeyrisgreiðslna.
Lokahagnaðarréttindi stofnast vegna hagnaðar af fjármagnstekjum og matssjóðunum á endurgreiðsluskeiðinu. Lokahagnaðarréttindin samsvara viðbótarhlutnum úr aukalegu lífeyrisgreiðslunum. Hann verður aðeins greiddur út eins og lengi og í þeirri hæð, sem hagnaðarþróunin og matssjóðirnir rísa undir.
- d) Hlutdeild í matssjóðunum.
- aa) Úr endurgreiðslukröfunni.
- Matssjóðirnir sem úthlutað er samkvæmt § 9 (1) b).
- hækka við upphaf endurgreiðsluskeiðsins áunninn hluta viðbótar lífeyrisgreiðslna samkvæmt § 9 (2) c) bb).
 - eru greiddir út um leið og síðasta lífeyrisgreiðslan eða áður við samningslok.
- bb) Úr tafarlausri inneign.
Matssjóðirnir sem úthlutað er samkvæmt § 9 (1) b) eru greiddir út.
- cc) Grunnupphæð.
Óháð raunverulegu verðgildi matssjóðanna kemur að minnsta kosti rétturinn til lokahagnaðar úr matssjóðunum til greiðslu (Sockelbetrag). Hvað matssjóðina úr endurgreiðslukröfunni áhrærir, gildir þetta aðeins hafi slysatryggingunni ekki verið sagt upp þegar ráðstöfunin fer fram. Gjaldfalli lokahagnaðargreiðsla (Sockelbetrag), kemur hún í stað kröfu um hlutdeild í matssjóðunum.

- (3) Hæð hagnaðarhlutdeildarinnar.
- a) Hagnaðarhlutdeild á sparnaðarskeiðinu.
- aa) Bónuskrafa úr endurgreiðslukröfunni. Bónuskrafan, sem bætist við árlega á sparnaðarskeiðinu, er reiknuð út með föstu prósentustigi af heildarupphæð endurgreiðslu- og bónuskröfu sem hefur áunnist við lok undanfarins tryggingarárs.
- bb) Lokahagnaðarréttindi úr endurgreiðslukröfunni. Lokahagnaðarréttindin sem bætast við vegna fjármagnstekna og úr matssjóðum eru hvort um sig reiknuð út með föstu prósentustigi á ári af áunninni heildarupphæð endurgreiðslukröfu og bónuskröfu úr endurgreiðslukröfu.
- cc) Árlegar tekjur úr tafarlausri inneign. Á samanlagða upphæð ónotaðrar tafarlausrar inneignar, uppsafnaðrar bónuskröfu og uppsafnaðra lokahagnaðarréttinda við upphaf yfirstandandi tryggingarárs eru reiknaðir vextir með föstu prósentustigi. Útkoman eru árlegar tekjur úr tafarlausri inneign.
- dd) Bónuskrafa úr tafarlausri inneign. Viðbótarbónuskrafan verður til sem árlegar tekjur samkvæmt § 9 (3) a) cc) að frádregnum viðbótar lokahagnaðar-réttindum frá fjármagnstekjum og úr matssjóðunum samkvæmt § 9 (3) a) ee) og vöxtum þessa árs samkvæmt § 8 (1) b) aa).
- ee) Lokahagnaðarréttindi úr tafarlausri inneign. Af árlegum tekjum samkvæmt § 9 (3) a) cc) er hverju sinni föst hlutdeild nýtt fyrir aukin lokahagnaðarréttindi úr fjármagnstekjum og úr matssjóðum.
- b) Hagnaðarhlutdeild á endurgreiðsluskeiðinu. Auknar lífeyrisgreiðslur eru inntar af hendi jafn háar fyrir alla útborgunardaga.
- aa) Áunninn hluti. Áunni hlutinn samsvarar þeim hluta bónuskrafanna sem hafa áunnist við upphaf endurgreiðsluskeiðsins samkvæmt § 9 (2) c) bb) og koma í hlut einstakra lífeyrisgreiðslna.
- bb) Viðbótarhluti. Viðbótarhlutinn er í þínum samningi ákveðinn sem föst prósentutala af bæði samtölu hverrar lífeyrisgreiðslu og áunnum hluta viðbótar lífeyrisgreiðslna vegna lokahagnaðarréttindin úr fjármagnstekjum og úr matssjóðunum.
- c) Hlutdeild í matssjóðunum.
- aa) Útborgunarhæfir matssjóðir. Útborgunarhæfir eru þeir matssjóðir tryggingarfjárins UBR, að svo miklu leyti sem þeir samsvara þeim varasjóðum sem fjármagnaðir eru með iðgjöldum og koma í hlut samninga með kröfurétt. Útborgunarhæfir matssjóðir eru taldir upp sem fylgiskjal við ársskýrsluna.
- bb) Samningar með kröfurétt.
- Án kröfuréttar eru þeir samningar, þar sem þegar er greiddur lífeyrir úr iðgjaldsendurgreiðslunni eða þar sem bótagreiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni eru þegar fallnar í gjalddaga eða þar sem hagnaðarhlutdeild er skilmerkilega útilokuð.
- cc) Árlegur útreikningur og ráðstöfun. Matssjóðirnir eru reiknaðir út einu sinni ári. Reiknuð úthlutun þeirra á heildarfjölda allra samninga með kröfurétt gerist í réttu hlutfalli við framlög iðgjalda þeirra til varasjóðanna á bókfærðu virði allra fjárfestinga baktryggingarsjóðsins UBR. Ráðstöfun á hvern einstakan samning gerist í sama hlutfalli og samtölu inneignar viðkomandi samnings á móti samtölu inneigna allra samninga með kröfurétt. Inneign í þessu samhengi telst vera:
- á sparnaðarskeiðinu meðalgildi endurkaupsvirðis
 - á endurgreiðsluskeiðinu meðalgildi úr samtölu eftirstöðva umsaminna lífeyrisgreiðslna og áunninna hluta aukinna lífeyrisgreiðslna
- reiknuð hverju sinni við upphaf og lok sérhvers tryggingarárs.
- dd) Reglubundinn útreikningur á raunvirði matssjóða. Raunvirði matssjóðanna er reiknað út með fyrirfram ákveðnu millibili. Í viðauka við ársuppgjörð er þetta millibil kunngert. Því er aðeins hægt að breyta reynist slíkt nauðsynlegt sökum breyttra lagalegra eða réttarlegra fyrirmæla eða breyttra tæknilegra forsendna.
- ee) Úthlutun og ráðstöfun. Í samræmi við dreifinguna í § 9 (3) 3) cc) verður raunvirði matssjóðanna (samanber § 9 (3) c) dd)) úthlutað og ráðstafað samkvæmt § 9 (1) b).
- d) Ákvörðun prósentustiga. Stjórn okkar ákveður prósentustigin árlega að tillögu ábyrgs tryggingafræðings.
- e) Upplýsingar um hagnaðarhlutdeild. Við tilgreinum þróun hagnaðarhlutdeilda á grundvelli uppgefinna prósentustiga við samningsgerð svo og prósentustigin sjálf við samnings-gerðina. Gagnstætt greiðslunum úr iðgjaldsendurgreiðslunni (samanber § 8) getum við ekki ábyrgst hagnaðar-hlutdeildina þar sem hún eru háð hagnaðarþróun í framtíðinni. Við greinum þér árlega frá stöðu hagnaðarhlutdeildarinnar. Þessi tilkynning hefur einnig að geyma gildandi prósentustig sem verða löggöð til grundvallar hagnaðarhlutdeildinni.
- (4) Fjárfestingar / Tekjur.
- a) Fjárfestingar í baktryggingarvara-sjóðnum UBR. Trygging allra tryggingartæknilegra varasjóða sem nauðsynlegir eru fyrir iðgjaldsendurgreiðslu og hagnaðar-hlutdeild fer fram með viðeigandi fjárfestingum. Þessar fjárfestingar eru teknar saman í baktryggingarvara-sjóðinn UBR.
- b) Tekjur baktryggingarvarasjóðsins UBR.

Fjármagnstekjur sem skapast af fjárfestingum baktryggingarvarasjóðsins leggjum við í baktryggingarvarasjóðinn UBR að teknu tilliti til kostnaðar við eignastýringuna.

- c) Nýting tekna fyrir tryggingartaka.
- aa) Af fjármagnstekjunum sem verða til í baktryggingarvarasjóðnum UBR notum við – að svo miklu leyti sem þær byggja á varasjóðum (samanber § 9 (1)) sem fjármagnaðir eru með iðgjöldum – að 90% hið minnsta til greiðslna til tryggingartaka. Af þeim verða dregin sá hluti sem þegar hefur verið lofað til bótagreiðslna og útborganir úr matssjóðnum, að svo miklu leyti sem þær fara fram úr lokahagnaðarréttindunum. Upphæðina sem þá er eftir notum við í hagnaðarhlutdeild tryggingartaka.
- bb) Arðinn sem notaður er til hagnaðarhlut-deildar tryggingartaka leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) eða færum hann beint til tekna á einstaka samninga.
- cc) Upphæðirnar sem lagðar eru í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) megum við yfirleitt aðeins nota til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka. Með samþykki eftirlitsyfirlvalda getum við í undantekningartilvikum gripið til RfB hinum tryggðu í hag til að koma í veg fyrir neyðarástand (t.d. til að bæta tap).
- d) Úttekt úr baktryggingarvarasjóðnum UBR. Ef fjármagn er tekið úr baktryggingarvarasjóðnum er þávirði þess fært honum til tekna.
- e) Eftirlit með baktryggingarvarasjóðnum UBR. Baktryggingarvarasjóðurinn UBR er undir eftirliti óháðs fjárhaldsmanns.

§ 10 Hvenær og hvernig verður tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt í iðgjaldsfría tryggingu?

- (1) Forsendur fyrir breytingu. Ef iðgjaldsgreiðslu lýkur fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun vegna þess að
- þú hefur samið um það við okkur eða
 - slysatryggingunni var sagt upp
- breytum við tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu í iðgjaldsfría tryggingu. Ef slysatryggingunni lýkur vegna uppsagnar, og hafi eingreiðsla verið innt af hendi, verða ónýtt tafarlaus inneign, bónuskrafan samkvæmt tölulíð § 9 (3) a) dd) og lokahanaðarréttindin samkvæmt § 9 (3) a) ee) greidd út.
- (2) Hæð iðgjaldsfrírrar tryggingar. Hæð iðgjaldsfrírrar tryggingar samsvarar uppsafnaðri endurgreiðslukröfu þegar iðgjaldsgreiðslunum lýkur. (samanber § 8 (1) c)). Umsaminn lífeyrir við lifun er lækkaður í hlutfalli iðgjaldsfríu tryggingarinnar við áunna endurgreiðslukröfu við uppsafnaða endurgreiðslu án uppsagnar við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun. Nánari upplýsingar um greiðslur úr iðgjaldsfríu

tryggingunni getur þú fengið í “Viðbótar tryggingaupplýsingar varðandi slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu”.

- (3) Reglur varðandi lágar upphæðir. Ef upphæð iðgjaldsfríu tryggingarinnar samkvæmt tölulíð § 10 (2) reynist lægri en 1000 EUR heldur samningurinn ekki áfram heldur eru kröfurnar greiddar með útborgun endurkaupvirðisins samkvæmt tölulíð §11.

§ 11 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupvirðis úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni?

- (1) Forsendur fyrir útborgun endurkaupvirðisins. Þú getur aðeins krafist útborgunar endurkaupvirðisins til loka sparnaðarskeiðsins og aðeins ef tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni hefur áður þegar verið breytt í iðgjaldsfría tryggingu (samanber § 10 (1)). Með útborgun endurkaupvirðisins eru kröfur sem falla fyrst í gjalddaga við lifun eða fráfall greiddar fyrir tímann; hluta-greiðsla er möguleg ef óskað er.
- (2) Hæð endurkaupvirðisins. Endurkaupvirðið er reiknað út sem uppsafnaður bótaréttur (Deckungs-kapital) með reiknivöxtum iðgjaldautreikningsins og það kemur til 4% frádráttar. Útborgun endurkaupvirðisins hefur ókosti í för með sér. Endurkaupvirðið er lægra en áunnin endur-greiðslukrafa. Nánari upplýsingar um hæð endurkaupvirðis geturðu séð í “Viðbótar tryggingaupplýsingar varðandi slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu” sem þér voru veittar við samningsgerðina.
- (3) Áunnar bónuskröfur. Um þegar áunnar bónuskröfur gjalda § 11 (1) og § 11 (2) eftir því sem við á. Greiðsla fyrir tímann er aðeins möguleg um leið og endurgreiðslukrafan.
- (4) Matssjóðir. Með útborgun endurkaupvirðisins verða líka greiddir út þeir matssjóðir sem úthlutað hefur verið og ráðstafað á samning þinn (samanber § 9 (3) c) ee)).

§ 12 Hvernig er tekið tillit til samningsgerðarkostnaðar við samning þinn?

Við útreikning á bótahöfuðstól þínum er tekið tillit til samningsgerðarkostnaðarins í upphafi vegna samnings þíns. Reikniaðferðin sem þá er notuð (Zillmer-aðferð) samkvæmt § 4 í bótahöfuðstólsreglugerðinni er líka ráðandi hvað samning þinn varðar. Þetta hefur hvorki áhrif á hæð samtölu iðgjaldsfrírrar tryggingarinnar né endurkaupvirðis.

Greiðslurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni

§ 13 Hver fær útborgunina úr iðgjaldsendurgreiðslunni?

Útborgunin er greidd til þín eða erfingja þinna, hafir þú ekki samið við okkur um annað. Hafi þegar verið greidd útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni skerðist krafa úr iðgjaldsendurgreiðslunni við fráfall sem því nemur

- (1) Við greiðum endurkaupvirðið og áunna endurgreiðslukröfu við fráfall eða nýtingu höfuðstólsvalréttar gegn framvísun tryggingarskírteinisins. Við getum talið handhafa tryggingarskírteinisins réttbæran til að taka við greiðslum. En við getum einnig krafist þess að handhafi tryggingarskírteinisins sanni rétt sinn. Við getum einnig krafist sönnunar fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.
- (2) Ef ekki er hægt að framvísa tryggingarskírteininu verður kröfuhafinn að leggja fram aðra sönnun fyrir rétti sínum.
- (3) Fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða skal tilkynna okkur tafarlaust. Þá ber að afhenda okkur opinbert dánarvottorð tafarlaust. Við fráfall af slysförum ber að auki að fara eftir § 5 (5).

§ 14 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni?

- (1) Við greiðum endurkaupvirðið og áunna endurgreiðslukröfu við fráfall eða nýtingu höfuðstólsvalréttar gegn framvísun tryggingarskírteinisins. Við getum talið handhafa tryggingarskírteinisins réttbæran til að taka við greiðslum. En við getum einnig krafist þess að handhafi tryggingarskírteinisins sanni rétt sinn. Við getum einnig krafist sönnunar fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.
- (2) Ef ekki er hægt að framvísa tryggingarskírteininu verður kröfuhafinn að leggja fram aðra sönnun fyrir rétti sínum.
- (3) Fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða skal tilkynna okkur tafarlaust. Þá ber að afhenda okkur opinbert dánarvottorð tafarlaust. Við fráfall af slysförum ber að auki að fara eftir § 6 (5).

Samningstíminn

§ 15 Í hve langan tíma gildir samningurinn?

- (1) Þú gerir tryggingarsamninginn við okkur fyrir tímabilið frá upphafi samningstímans til fráfalls hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða. Nánari upplýsingar um þetta getur þú séð í tryggingarskírteini þínu.
- (2) Hægt er að semja um að tímalengd slysa-tryggingarinnar og iðgjaldagreiðslutíminn komi ekki heim og saman við tímalengd sparnaðarskeiðsins.

§ 16 Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarverndin hefst á þeim tíma sem um var samið. Sé ekki samið um tíma, byrjar tryggingarverndin með gerð samningsins. Tryggingarverndin byrjar þá fyrst, þegar þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi § 22 (3).

§ 17 Hvenær lýkur tryggingarsamningnum?

Tryggingarsamningnum lýkur:

- við fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða
- við umsamin lok greiðslu lífeyris
- við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun ef höfuðstólsvalréttur er nýttur
- þegar slysatryggingunni lauk á sparnaðarskeiðinu eins og um var samið eða með uppsögn fyrir byrjun endurgreiðsluskeiðsins, og ef auk þess kröfurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni eru greiddar út fyrirfram um leið og útborgun endurkaupvirðisins.

§ 18 Hvenær lýkur slysatryggingunni?

- (1) Slysatryggingunni lýkur á umsömdum tíma, í síðasta lagi við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.
- (2) Einnig er hægt að ljúka henni fyrr með skriflegri uppsögn, af þinni hálfu við lok tryggingarársins; uppsögnin verður að hafa borist samningsaðila í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir þann tíma; af okkar hálfu, ef þú ert í vanskilum með framhalds-iðgjald samkvæmt § 24 (4).
- (3) Uppsögn samkvæmt þessum fyrirmælum þarf að vera skrifleg, hvort sem hún er af þinni hálfu eða okkar. Uppsögn með tölvupósti fullnægir ekki kröfum um að hún skuli vera skrifleg.

§ 19 Hvenær er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir tryggingamáli?

Eftir að til bótamáls hefur komið getur hvor samningsaðili sagt upp tryggingarsambandinu. Uppsögnin verður að hafa borist samningsaðilanum í síðasta lagi einum mánuði eftir bótageiðslu eða – ef um málarekstur er að ræða – eftir að honum hefur borist tilkynning um afturköllun kæru, viðurkenningu kæru, sátt eða dómsúrskurð. Uppsögn með tölvupósti fullnægir ekki kröfum um að hún skuli vera skrifleg. Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi jafnskjótt og hún hefur borist okkur. Þú getur þó ákveðið að uppsögnin taki gildi síðar, en þó í síðasta lagi í lok yfirstandandi tryggingarárs. Uppsögn af okkar hálfu tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist þér.

§ 20 Hvað gerist ef slysatryggingunni er lokið fyrir lok samningstímans?

- (1) Ef slysatryggingunni er lokið samkvæmt § 18 eða § 19, lýkur einnig iðgjaldsgreiðslu á sama tíma, í síðasta lagi.
- (2) Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er breytt í iðgjaldsfria tryggingu eru í § 10.

§ 21 Hvað gerist í hernaði?

- (1) Tryggingarvernd hins tryggða í slysatryggingunni verður óvirk jafnskjött og hann hefur þjónustu í her eða álíka stofnun sem tekur þátt í stríði eða hernaði milli landanna Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands. Tryggingarverndin verður aftur virk um leið og okkur hefur borist tilkynning um að þjónustunni sé lokið.
- (2) Tryggða iðgjaldsendurgreiðslan helst áfram iðgjaldsfrí með áunninni endurgreiðslukröfu svo lengi sem tryggingarverndin í slysatryggingunni er óvirk. Umsamin lífeyrisgreiðslubyrjun frestast um þann tíma sem hún er óvirk. Ef hinn tryggði fellur frá á þessum tíma er í stað endurgreiðslukröfunnar greiddur uppsafnaður bótaréttur iðgjaldsfríu tryggingarinnar reiknað eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

Tryggingariðgjald

§ 23 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?

- (1) Iðgjald og tryggingarskattur. Í iðgjaldinu, sem fært er þér til gjalda, er innifalinn tryggingarskattur sem ákveðinn er með lögum og þér ber að greiða.
- (2) Gjaldldagi tryggingariðgjalda. Fyrsta eða einstakt iðgjald fellur í gjaldldaga strax eftir gerð samningsins, þó ekki fyrr en á þeim tíma sem við sömdum um við þig sem upphaf tryggingarverndainnar. Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum gildir aðeins fyrsta afborgun fyrsta ársiðgjalds sem fyrsta iðgjald. Fram-haldsiðgjöldin falla í gjaldldaga, hafi ekki um annað samist, á fyrsta degi hvers mánaðar á umsömdu greiðslutímabili.
- (3) Greitt á réttum tíma. Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef þú á gjaldldaga gerir tafarlaust allt til að greiðslan berist okkur. Hafir þú veitt skuldfærsluheimild (millifærslur) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef hægt er að skuldfæra iðgjaldið og þú andmælir ekki réttmætri skuldfærslu. Ef við höfum ekki getað skuldfært gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar skriflega, t.d. með bréfi, telefax eða tölvupósti.
- (4) Greiðslur utan skuldfærslukerfis eftir árangurslausa skuldfærslu. Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að skuldfæra iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslukerfisins.
- (5) Ábyrgð. Millifærsla iðgjaldsins gerist á þína ábyrgð og þinn kostnað.

§ 23 Hvað gerist ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?

- (1) Tryggingarverndinni stofnað í hættu. Byrjun tryggingarverndarinnar er háð því að iðgjaldið sé greitt á réttum tíma, sjá þar um § 16. Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma, gildir tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið. Við erum ekki bótaskyld í tryggingamálum sem upp koma á tímabilinu þar á milli. Bótaskylda okkar helst við lýði ef þú sannar að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu. Við getum aðeins borið fyrir okkur bótaundanþágu ef við höfum bent þér á þessi réttaráhrif iðgjaldsgreiðslufalls skriflega eða með áberandi hætti í tryggingaskírteininu.
- (2) Riftunarheimild tryggjandans. Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma, getum við rift samningnum, svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarheimildin er útilokuð ef þú sannar að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

§ 24 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

- (1) Vanskil. Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma ert þú komin í vanskil, án frekari greiðsluákorana, nema þú berir ekki ábyrgð á seinkun greiðslunnar.
Við höfum rétt til þess að krefjast bóta fyrir tjón sem við verðum fyrir vegna vanskilanna.
- (2) Frestir. Greiðir þú ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma, getum við á þinn kostnað veitt þér skriflega (til dæmis bréf, telefax, tölvupóst) greiðslufrest. Greiðslufresturinn verður að nema að minnsta kosti tveimur vikum.
- (3) Engin tryggingarvernd sé fresturinn ekki nýttur. Í bótamálum sem upp koma eftir að veittur fresturinn rennur út gildir engin tryggingarvernd ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna þegar til bótamálsins kemur. Forsenda er að við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þegar fresturinn var veittur.
- (4) Uppsagnarréttur sé frestur ekki nýttur. Ef þú ert enn í vanskilum með iðgjöld, vexti og kostnað eftir lok þessa greiðslufrests getum við sagt samningnum upp án frekari uppsagnarfrests. Forsenda er að við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þegar fresturinn var veittur. Við getum tilkynnt um uppsögnina um leið og fresturinn er veittur. Hún tekur þá sjálfkrafa gildi þegar fresturinn rennur út, ef þú ert þá enn í vanskilum með greiðsluna. Við munum einnig benda þér á þessi réttaráhrif.
- (5) Framhald slysatryggingarinnar með greiðslu iðgjalds eftir uppsögn. Þú getur líka greitt reikninginn eftirá, eftir að uppsögn okkar hefur tekið gildi. Eftirgreiðslan getur aðeins farið fram innan eins mánaðar frá

uppsögninni eða, ef uppsögnin var þegar tilgreind þegar fresturinn var veittur, inna eins mánaðar frá því fresturinn rann út. Ef þú greiðir innan þessara tímamarka, fellur uppsögnin úr gildi og slysa-tryggingin heldur áfram. Fyrir bótamál sem upp koma frá því að greiðslufresturinn rann út og þar til greiðsla berst gildir þó engin tryggingarvernd.

- (6) Skrifleg uppsögn.
Uppsögn samkvæmt þessum fyrirmælum skal vera skrifleg. Uppsögn með tölvupósti fullnægir ekki kröfum um að hún skuli vera skrifleg.

§ 25 Hvaða greiðslu skuldar þú okkur við lok eða ógildingu samningsins fyrir tímann?

Ljúki slystryggingunni fyrir tímann, getum við – svo framarlega sem lög kveði ekki á um annað – aðeins krafist þess hluta iðgjaldanna, sem samsvarar því tímabili þegar tryggingarvernd var í gildi. Önnur lagaleg ákvæði eiga einkum við ef við vegna brots á tilkynningaskyldu þinni riftum samningnum eða vefengjum hann vegna sviksamlegra blekkinga. Í þessum tilvikum getum við krafist umsamins iðgjalds þar til uppsagnar- eða vefengingaryfirlýsing okkar berst. Þetta gildir líka ef tryggingarverndin í þessum tilvikum fellur niður afturvirk. Riftum við samningnum vegna þess að fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma, getum við krafist sanngjarnrar umsýslupóknunar.

Önnur ákvæði

§ 26 Hvernig er réttarstaða samnings-aðila innbyrðis?

- (1) Ef tryggingin er tekin gegn slysum sem annar verður fyrir (trygging annars aðila) hefur þú en ekki hinn tryggði réttinn til að nýta réttindin samkvæmt samningnum. Ásamt hinum tryggða ert þú ábyrgur fyrir að skyldur séu uppfylltar.
- (2) Öllum ákvæðum, sem gilda fyrir þig, ber að beita við löglegan arftaka þinn og aðra kröfuhafa eftir því sem við á.
- (3) Kröfur úr slysatryggingunni og úr iðgjaldsendurgreiðslunni er hvorki hægt að framselja né veðsetja án samþykkis okkar.
- (4) Veiting og afturköllun bótaþegaréttar gilda hvað okkur varðar aðeins og fyrst þá ef þú hefur tilkynnt okkur um það skriflega meðan hinn tryggði var á lífi.
- (5) Tryggingartaki fellur frá. Eftirlifandi maki fyrrum tryggingartaka verður tryggingartaki, nema þú hafir samið við okkur um annað.

§ 27 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð í skilningi laganna?

- (1) Upplýsingaskyldur.
Fram að afhendingu samningsyfirlýsingar þinnar ber þér skylda til þess að tilkynna okkur sannleikanum samkvæmt og undandráttafrelaust

um alla mikilvæga áhættuþætti, sem þér eru kunnir og við höfum spurt um skriflega. Mikilvægir fyrir áhættumat eru þeir áhættuþættir sem eru til þess fallnir að hafa áhrif á ákvörðun okkar um að gera samninginn með umsömdu efni. Ef við eftir samningsyfirlýsingu þína, en fyrir samningssamþykki, spyrjum skriflega um mikilvæga áhættuþætti, ber þér sömuleiðis skylda til að veita þær upplýsingar. Ef samningurinn er gerður af umboðsmanni þínum og hann veit um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, eða sýni hann sviksamlega háttsemi, verður komið þannig fram við þig eins og þú hefðir haft vitneskju um þær eða þagað um þær á sviksamlegan hátt.

- (2) Neikvæð réttaráhrif brota á tilkynningaskyldu. Áhrif brota á tilkynningaskyldu byggja á §§ 19 til 22 VVG. Að gefnum þeim forsendum sem þar eru nefndar getum við rift tryggingar-samningnum, verið undanþegin bótaskyldu, sagt slysatryggingunni upp, vefengt hana vegna sviksamlegra blekkinga eða líka verið heimilt að breyta samningnum. Við höfum aðeins rétt til riftunar, uppsagnar eða samningsaðlögunar ef við höfum greint þér sérstaklega skriflega frá áhrifum brots á upplýsingaskyldu. Úr iðgjaldsendurgreiðslunni færð þú reiknað endurkaupvirðið, reiknað til uppsagnartímans (§ 11(1)). Hafi einstakt iðgjald verið greitt, borgum við auk þess út útreiknaðan eftirstöðvar tafarlausrar inneignar, bónuskröfurnar samkvæmt § 9 (3) a) dd) og lokahagnaðarréttinn samkvæmt § 9 (3) a) ee), reiknað til uppsagnartímans. Þú getur ekki krafist endurgreiðslu þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið fram að því. Hvenær og hvernig tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er breytt í iðgjaldsfría tryggingu, komi til uppsagnar af okkar hálfu, er útlistað í § 10.
- (3) Uppsagnarréttur tryggingartaka við samnings-aðlögun.
Ef við innan ramma samningsbreytingar lækkum tryggingarupphæðir slysatryggingarinnar um meira en 10% eða útlökum úr tryggingunni áhættuáðstæður sem ekki var upplýst um, getur þú sagt tryggingunni upp með vísan til § 19 málsgreinar 6 í VVG. Hvenær og hvernig tryggðri iðgjalds-endurgreiðslu er breytt í iðgjaldsfría tryggingu, er útlistað í § 10.
- (4) Skrifleg beiting réttar til samningsbreytinga.

Beiting réttar til samningsbreytinga (Gestaltungsrecht) samkvæmt þessum fyrirmælum (riftun, uppsögn, vefenging eða samningsbreyting) skal vera skrifleg, hvort heldur þú eða við beitum réttinum til samningsbreytinga. Beiting réttarins til samningsbreytinga með tölvupósti fullnægir ekki kröfum um að hún skuli vera skrifleg.

§ 28 Hvenær fynrast samningsbundnar kröfur samkvæmt lögum?

- (1) Fyrningarfrestur og ráðandi lagaleg fyrirmæli. Kröfur úr slysatryggingunni fynrast samkvæmt § 195 einkamálaréttar (BGB) á þremur árum. Um

einstök atriði varðandi upphaf, lengd og hlé á fyrningunni fer samkvæmt §§ 195 til 213 BGB.

- (2) Fyrningarhlé meðan á prófun bótaskyldu stendur. Ef þú hefur tilkynnt okkur um kröfu byggða á tryggingarsamningnum, verður hlé á fyrningunni þar til þér berst skrifleg ákvörðun okkar (til dæmis bréf, fax, tölvupóstur).

§ 29 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?

- (1) Dómstóll með lögsögu á vettvangi fyrir kröfur tryggingartaka. Þú getur lagt fram kæru byggða á tryggingarsambandinu við dómstólinn í því lögsagnarumdæmi þar sem við höfum aðsetur eða það útibú okkar sem annast þín mál. Þú getur líka lagt fram kæru fyrir þeim þýska dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar krafan er lögð fram, eða ef ekki er um lögheimili að ræða, þar sem þú dvelst vanalega. Ef þú ert löggaðili ræðst lögsagnarumdæmið af starfsstöð þinni. Ef lögum samkvæmt fleiri varnarþing koma til greina, getur þú líka lagt fram kæru þar.
- (2) Dómstóll með lögsögu á vettvangi fyrir kröfur tryggingjanda. Við getum lagt fram kærur byggðar á tryggingarsambandinu við dómstólinn í því lögsagnarumdæmi þar sem þú átt lögheimili þegar krafan er lögð fram, eða ef ekki er um lögheimili að ræða, dvelst vanalega.

Ef þú ert löggaðili ræðst lögsagnarumdæmið af starfsstöð þinni.

- (3) Óþekkt lögheimili eða starfsaðsetur tryggingartaka. Sé lögheimili þitt óþekkt þegar kæra er lögð fram og sé enginn vanalegur dvalarstaður í Þýskalandi þekktur, getum bæði þú og við aðeins lagt fram kærur sem tengjast tryggingarsambandinu hjá því varnarþingi þar sem við erum með aðsetur eða það útibú okkar sem annast þín mál. Þetta gildir á hliðstæðan hátt ef þú ert löggaðili og starfsstöð þín er óþekkt.
- (4) Tryggingartakar utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss. Eigir þú, þegar krafan er lögð fram, ekki lögheimili eða starfsstöð í einu aðildarríkja Evrópusambandsins, Íslandi, Noregi eða Sviss, getum bæði þú sem og við aðeins lagt fram kröfur sem tengjast tryggingarsambandinu hjá því varnarþingi þar sem við erum með aðsetur eða það útibú okkar sem annast þín mál.
- (5) Skaðlegt tilvik erlendis. Eigir þú við samningslok lögheimili þitt eða reglubundinn dvalarstað í Þýskalandi, og komi tryggt skaðlegt tilvik upp erlendis, er aðeins hægt að leggja fram kærur í þessu samhengi fyrir þýskum dómstól.

§ 30 Hvað gildir um tilkynningar þínar og yfirlýsingar til okkar, sem snerta tryggingarsambandið?

Tilkynningar og yfirlýsingar, sem snerta tryggingarsambandið, geta haft víðtæk áhrif. Þær skyldu líka vera skriflegar, þótt svo að hvorki lög né tryggingarsamningurinn geri ráð fyrir því forni.

§ 31 Hvað gildir lögum samkvæmt, ef þú tilkynnir okkur ekki um breytingar á pósthafi þínu eða nafni þínu?

- (1) Afleiðingar ef tilkynning er vanrækt. Ef þú hefur ekki tilkynnt okkur um breytingu á pósthafi þínu eða nafni þínu, nægir að senda viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt. Yfirlýsing okkar telst komin til skila þremur dögum eftir að bréfið var sent.
- (2) Flutningur starfsstöðvar þinnar. Ef þú hefur gefið upp pósthaf atvinnufyrirtækis þíns sem pósthaf tryggingarinnar, gildir (1) á hliðstæðan hátt við flutning starfsstöðvarinnar.

§ 32 Hvaða lög gilda?

Um þennan samning gilda þýsk lög.

§ 33 Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn við atvinnuleysi eða óvinnufærni?

- (1) Forsendur

Þú ert:

- lengur en sex vikur frá vinnu vegna veikinda eða þú ert á atvinnuleysisbótum og
 - slysatryggingarvernd var í gildi þegar tilkynning barst um óvinnufærni þína eða atvinnuleysi og
 - samningur þinn hafði á þeim tíma verið í gildi í minnst tólf mánuði og umsamdar voru reglubundnar iðgjaldsgreiðslur og
 - þú varst ekki orðin(n) fullra 65 ára og
 - ert ekki komin(n) fram yfir hámarkstímalengd tímareiknings þíns (samanber § 33 (2) b).
- (2) Greiðslur.
- a) Iðgjaldsfrí slysatrygging. Ef þú sækir um það verður slysatryggingarvernd þinni haldið áfram í takmarkaðan tíma án frekari iðgjaldsgreiðslu í sama umfangi og áður (iðgjaldsfrí slysatrygging). Þú færð tilboð um iðgjaldsfría slysatryggingu. Óvinnufærni þín eða atvinnuleysi og hvenær það ástand hófst skal staðfest með undirskrift þinni. Við höfum rétt til þess að krefjast víðeigandi sönnunar af þér. Ef gefnar eru rangar upplýsingar gildir engin iðgjaldsfrí slysatryggingarvernd innan ramma tímareikningsins.
- b) Tímareikningur. Á samningstímanum getur þú margsinnis gert tilkall til iðgjaldsfrírrar slysatryggingar, samtals í allt að 24 mánuði. Hún er þér til ráðstöfunar í allt að sex mánuði fyrir hvert bótamál og allt að tólf

mánuði ef samningur þinn hefur verið minnst þrjú ár í gildi.

- (3) Byrjun iðgjaldsfríu slysstryggingarinnar. Iðgjaldsfría slysstryggingin hefst með næsta iðgjaldsgjalddaga eftir tilkynningu þína þar sem iðgjaldhefur ekki verið greitt. Á gildistíma iðgjaldsfríu slysstryggingarinnar ber ekki að greiða nein iðgjöld.
- (4) Lok iðgjaldsfríu slysstryggingarinnar. Iðgjaldsfría slysstryggingunni lýkur á næsta gjalddaga eftir að óvinnufærni þinni eða atvinnuleysi lýkur, í síðasta lagi við lok frestanna sem tilgreindir eru í § 33 (2) b). Iðgjaldsgreiðsluskyldan verður virk á ný þegar iðgjaldsfríu slysstryggingunni lýkur; þess vegna verður þú að tilkynna okkur um lok óvinnufærni þinnar eða atvinnuleysis.
- (5) Áhrif á greiðslur iðgjaldsendurgreiðslunnar. Iðgjaldsendurgreiðsla við fráfall gegnum áunna endurgreiðslukröfu helst í gildi. Allar tíma-setningar sem tilgreindar eru í "Viðbótar tryggingaupplýsingar varðandi slysstryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu" varðandi greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni frestast um gildistíma iðgjaldsfríu slysstryggingarinnar.

§ 34 Hvaða bætur standa þér til boða við eiginfjármögnun?

- (1) Forsenda
 - tryggingartakinn fellur frá á iðgjaldsgreiðslutímanum
 - þegar hann fellur frá er að minnsta kosti liðið eitt ár frá samningsbyrjun og slysstryggingarvernd var í gildi
 - tryggingartakinn var ekki orðinn fullra 70 ára úr þessum samningi höfðu þá ekki verið þegnar bætur úr eiginfjármögnunni.
- (2) Greiðslur.
 - a) Lok iðgjaldsgreiðslu. Með reglubundnum iðgjaldgreiðslum lýkur iðgjaldsgreiðslum frá næsta iðgjaldsgjalddaga eftir fráfallið. Hafi eingreiðsla verið innt af hendi, verða ónýtt tafarlaus inneign, bókusgreiðslur samkvæmt § 9 (3) a) dd) og lokahagnaðarréttindi samkvæmt § 9 (3) a) ee) greiddar út, reiknað til andlátsdags.
 - b) Iðgjaldsendurgreiðsla. Kröfumar úr iðgjaldsendurgreiðslunni þróast áfram fram að umsaminni byrjun endurgreiðsluskeiðsins, eins og iðgjöldin væru greidd eins og umsamið var.
 - c) Slysstryggingarvernd. Við höldum slysstryggingunni áfram til umsamins tíma í sömu hæð og fyrr.

§ 35 Á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?

- (1) Ógilding ákvæðis. Hafi ákvæði í almennu tryggingarskilmálunum (Klausel) verið lýst ógilt
 - samkvæmt úrskurði æðsta dómsstigseða
 - samkvæmt gildri stjórnsluaðgerð

höfum rétt til þess að breyta viðkomandi skilmálum, bæta við þá eða setja aðra í stað þeirra ef forsendur eftirfarandi málsgreina eru til staðar.
- (2) Skilmálar sem aðlaga má. Aðlögun kemur aðeins til greina fyrir skilmála um viðfang og umfang tryggingar, útilokanir, skyldur eftir samningsgerð, iðgjaldsaðlögun, samningstíma og uppsögn.
- (3) Ógilding skilmálanna án aðlögunar er ekki í þágu málsaðila. Forsenda aðlögunarinnar er að í lagalegu fyrir-mælunum felist engar reglur sem fylla í eyðuna og að ógilding skilmálanna án aðlögunar sé engin hæfileg, sanngjörn lausn í anda hefðbundinna hagsmuna samningsaðila.
- (4) Inntak nýskipanarinnar. Aðlögunin gerist eftir meginhugmyndum um hliðstæða samningstúlkun (ergänzende Vertragsauslegung). Það þýðir að í stað ógiltu skilmálanna komi sú nýja skipan, sem samningsaðilar hefðu valið sem hæfilega og sanngjarna lausn með tilliti til hefðbundinna hagsmuna sinna, hefði þeim verið kunnugt um ógilding skilmálanna á þeim tíma þegar samningurinn var gerður.
- (5) Aðlögunarheimild við ógilding skilmála annars tryggjanda. Aðlögunarheimild okkar gildir einnig þá, með áður nefndum skilyrðum, um skilmála með sama meginefni ef úrskurðir dómstóla og yfirvalda beinast gegn öðrum tryggjendum.
- (6) Aðlögun skilmálanna framkvæmd. Við kynnum þér aðlagaða skilmála skriflega og skýrum þá. Þeir teljast samþykktir ef þú andmælir ekki skriflega innan sex vikna eftir kynninguna. Við kynninguna bendum við þér skýrt á það. Til að virða frestinn nægir að senda andmælin í tæka tíð. Ef þú andmælir innan tilgreinds frests tekur aðlögunin ekki gildi. Innan sex vikna eftir að andmælin berast okkur skriflega getum við sagt upp slysstryggingunni með 8 vikna fyrirvara í lok hvaða mánaðar sem er, ef það er óaðgengilegt fyrir okkur að halda áfram með samninginn án aðlögunar. Tölvupóstur fullnægir ekki kröfum um að skilaboðin skuli vera skrifleg. Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni er breytt í iðgjaldsfría tryggingu eru í tölulið § 10.

Sérstakir skilmálar um viðbótargreiðslur í slysatryggingu með tryggðri iðgjalds-endurgreiðslu (BB Allianz AB UBR-K 2008 Ki)

Ef tryggðar eru örorkubætur samkvæmt § 2 (1) í 'Allianz AB UBR-K 2008 Ki', greiðum við iðbótargreiðslur sem lýst er hér á eftir, án viðbótariðgjalds.

Ef í gildi er fleiri en ein slysatrygging fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingarfélaginu hf, er aðeins hægt að krefjast viðbótargreiðslna í hverju sinni úr einum þessara samninga.

§ 1 Lýtaaðgerðir

- (1) Forsendur fyrir greiðslum:
 - a) Hinn tryggði hefur gengist undir lýtaaðgerð eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina. Sem lýtaaðgerð telst lækni meðferð eftir lok lækningameðferðar í þeim tilgangi að bæta úrútsögllum hins tryggða af völdum slyssins.
 - b) Lýtaaðgerðin fer fram innan þriggja ára eftir slysið, við slys á ólögráða einstaklingum fyrir lok 21. aldursárs.
 - c) Þriðji aðli er ekki bótaskyldur eða neitar bótaskyldu sinni.
 - d) Tegund og hæð greiðslu. Við greiðum samtals bætur allt að hæð umsaminnar tryggingarupphæðar fyrir sannaðan
 - læknskostnað og annan aðgerðakostnað
 - nauðsynlegan kostnað fyrir dvöl og fæði á sjúkrahúsi.
 - e) Við greiðum ekki bætur fyrir tannviðgerðir og gervitennur.

§ 2 Björgunarkostnaður

- (1) Tegund greiðslu. Eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina bætum við fyrir kostnað við leitar- eða björgunar-aðgerðir björgunarsveita sem skipulagðar eru af hinu opinbera eða einkaaðilum ef vanalegt er að taka gjald fyrir þær. Þennan kostnað bætum við líka ef slysið var beinlínis yfirvofandi eða aðstæður bentu í raun til að það yrði.

Við bætum kostnað við flutning hins slasaða að fyrir mælum lækni á sjúkrahús eða sérhæft-sjúkrahús.

Við bætum aukakostnað við heimferð hins slasaða þangað sem hann býr að staðaldri, ef aukakostnaðurinn hlýst af fyrir mælum lækni eða var óumflýjanlegur vegna eðlis meiðslanna.

Við fráfall af slysförum bætum við kostnað við flutning þangað sem hinn látni bjó síðast að staðaldri.

- (2) Hæð greiðslu. Hæð greiðslna er samtals takmörkuð við þá upphæð sem tilgreind er í tryggingarskírteininu. Ef annar bótaskyldur aðili kemur til bætum við aðeins þann kostnað sem eftir verður.

Sérstakir skilmálar fyrir tryggingarvernd við afleiðingum stórmaurabits

§ 1 Hvað er tryggt til viðbótar?

Tryggingarverndin tekur líka til smits sem berst með stórmaurum.

§ 2 Hvaða sérreglur gilda um tryggingarhæfar bótagundir?

Samkvæmt lýsingunum í Almennu trygginga-skilmálanum á

- örorkubótum
- biðtímabótum
- dánarbótum

hefjast frestirnir sem þar eru nefndir ekki við slysið (stórmaursbit), heldur fyrst við fyrstu greiningu lækni á smitinu.

§ 3 Hvaða sérreglur gilda um gjalddaga bótaanna við örorku?

- (1) Áður en lækningu er lokið er hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs frá fyrstu smitgreiningu lækni (í stað innan eins árs frá slysi) aðeins allt að hæð umsaminnar upphæðar við fráfall.
- (2) Þú og við höfum heimild til að láta lækni endurmeta örorkustigið árlega, lengst fram að þremur árum eftir fyrstu smitgreiningu lækni (í stað innan þriggja ára frá slysi). Hjá börnum til loka 14. aldursárs framlengist þessi frestur frá þremur árum upp í fimm.